

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 29/97  
frá 12. júní 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður  
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á  
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 21/97 frá 2. maí 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EB frá 29. júní 1995 um samræmingu á  
lögum aðildarríkjanna varðandi lyftur<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 95/216/EB frá 8. júní 1995 um að bæta öryggi lyftna  
sem þegar eru í notkun<sup>(3)</sup> skulu felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi liður komi aftan við 4. lið (tilskipun ráðsins 86/663/EBE) í III. kafla II.  
viðauka við samninginn:

„5. 395 L 0016: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EB frá 29. júní 1995 um  
samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi lyftur (Stjtið. EB nr. L 213, 7. 9.  
1995, bls. 1).”

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 213, 7. 9. 1995, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 137, 20. 6. 1995, bls. 37.

2. Eftirfarandi fyrirögn og liður komi aftan við 5. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EB):

„GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF:

Samningsaðilarnir taki mið ef efni eftirfarandi gerða:

6. 395 X 0216: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 95/216/EB frá 8. júní 1995 um að bæta öryggi lyftna sem þegar eru í notkun (Stjtið. EB nr. L 137, 20. 6. 1995, bls. 37).”.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EB og tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 95/216/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júní 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. júní 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

C. Day

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

